

sem í ákæru greinir, og refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í rikissjóð, en afplánist með varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærðan leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Ákvörðun um áfrýjun frestar ekki verkunum dóms að þessu leyti.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Allmikill dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa. Það kom ekki í hendur dómarsins fyrr en haustið 1951, og hófst réttarrannsókn 26. okt. það ár. Þá tafðist rannsóknin vegna þess, að yfirheyra þurfti menn í þremur lögsagnarumdæmum, og enn fremur gekk mjög erfiðlega að ná til sumra vitnanna.

Málið hefur að öðru leyti verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Magnússon Guðmundsson, greiði 1.000 króna sekt í rikissjóð, en sæti til vara varðhaldi í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður skal sviptur leyfi til að aka bíl í 3 mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki verkun hans að því leyti.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1954.

Nr. 192/1953. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Guðna Erlendssyni (Sigurður Ólason).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og **prófessorarnir** Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði greiddi víxla þá, sem í málinu greinir, annan hinn 25. febrúar 1953 og hinn eigi síðar en í maímánuði s. á. Sakaratriðum er að öðru leyti lýst í héraðsdómi, en eins og þar greinir, undirgekkst ákærði, eftir að rannsókn máls þessa

hófst eða hinn 31. marz 1953, greiðslu 2.000 króna sektar fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Atferli ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr., sbr. 8. tölulið 74. gr., 77. gr. og 78. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Samkvæmt 76. gr. nefndra laga er rétt, að gæzluvarðhaldstími ákærða frá 23. til 29. janúar 1953 komi til frádráttar refsivistinni. Eftir atvikum ákveðst, að refsingu ákærða skuli fresta og að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar ákvæðum 8. töluliðar 74. gr. laga nr. 19/1940, þykir mega láta undan falla að svipta ákærða réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Guðni Erlendsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Gæzluvarðhaldstími ákærða komi til frádráttar refsingunni, sem skal fresta og niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. október 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 20. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4123/1953: Ákeruvaldið gegn Guðna Erlendssyni, sem tekið var til dóms 19. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 4. maí sl., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Guðna Erlendssyni verzlunarmanni, til heimilis að Fögrubrekku við Suðurlandsbraut hér í bæ, fyrir að hafa í septembermánuði 1952 samþykkt sem prókúruhafi tvo víxla f. h. veitingastofunnar Centrals h/f, Hafnarstræti 18 hér í bæ, samtals að upphæð kr. 19.724,50, og ráðstafað haustið og veturinn sama ár andvirði víxlanna í eigin þarfir. Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga, greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafizt, og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 21. desember 1915 að Vatnshóli í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 24/7 Hafnarfj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1947 10/10 — Sátt, 50 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.

1948 21/5 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1949 6/8 — Dómur, 600 kr. sekt fyrir brot á 235. gr. hegningarl. Ummæli dæmd ómerk.

1952 6/9 — Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lsb. Rvíkur.

1953 31/3 — Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. l. nr. 47/1951, 1., 6. og 20. gr. bifrl. og 2. gr. l. nr. 7/1952.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Hinn 1. febrúar f. á. gerðist ákærði meðeigandi veitingastofunnar Centrals hér í bæ. Hinn 1. ágúst f. á. var fyrirtæki þessu breytt í hlutafélag, og varð ákærði einn af hluthöfum. Um líkt leyti var ákærði ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins og honum veitt prókúrumboð fyrir það. Hinn 11. október f. á. seldi hann hlutabréf sín í félaginu. Lét hann um leið af framkvæmdarstjórastarfinu, og prókúrumboð hans féll niður. Maður að nafni Ásgeir Einarsson var þá ráðinn framkvæmdartjóri félagsins með prókúrumboði.

Ákærði vann einnig á tímabilinu 1. ágúst f. á. til 1. desember f. á. sem sölumaður eða afgreiðslumaður í sælgætisgerð Guðmundar Holbergs Þórðarsonar, Spítalastíg 5 hér í bæ.

Félagið Central h/f átti við örðugan fjárhag að stríða, og ræddi stjórn þess við ákærða, meðan hann var framkvæmdarstjóri, um möguleika á því, að fyrrgreindur Guðmundur Holberg Þórðarson keypti víxla af félaginu eða sæi um sölu á þeim til að útvega reiðufé í bili. Taldi ákærði sig því hafa heimild til að samþykkja víxla f. h. félagsins og selja þá. Samþykkti ákærði síðan fyrir hönd Centrals h/f tvo víxla við Útvegsbanka Íslands h/f, og var Guðmundur Holberg Þórðarson útgefandi þeirra. Var annar að fjárhæð kr. 9.856,70, út gefinn 1. september f. á., og var gjalddagi hans 28. desember f. á.,

en hinn að fjárhæð kr. 9.867,80, út gefinn 21. september f. á., og var gjaldldagi hans 22. desember f. á.

Ákærði lét ekki stjórn félagsins vita um víxla þessa, og hafði hún ekki hugmynd um þá, fyrr en hún var krafín um greiðslu þeirra með tilkynningum Útvegsbankans, dags. 2. janúar sl.

Guðmundur Holberg Þórðarson hefur borið það, að hann hafi keypt umrædda víxla í byrjun september f. á. eða um það bil, og hafi allt að ein vika liðið á milli kaupa víxlanna. Hann hafi greitt fyrri víxilinn með kr. 4.000,00 í peningum, en að öðru leyti með sælgæti, og hafi ákærði tekið það út á nokkrum tíma. Seinni víxilinn hafi hann greitt með a. m. k. kr. 1.000,00 í peningum og smjöri að verðmæti á að gizka kr. 4.000,00, en að öðru leyti með sælgæti. Heldur hann, að ákærði hafi tekið smjörið út í tvennu lagi og sælgætið í nokkrum afgreiðslum, en hann man ekki, hvenær ákærði var búinn að fá andvirði víxlanna sér greitt, og megi vel vera, að það hafi ekki verið fyrr en í nóvember f. á.

Guðmundur Holberg kveðst hafa keypt víxlana til að auka sölu á sælgæti úr sælgætisgerð sinni, og hafi hann vonað, að úr þessu gætu orðið framtíðarviðskipti við veitingastofu, sem Central h/f rak, og hafi hann verið fús til að leggja fram nokkurt reiðufé í þessu skyni.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að hann hafi ekki litið svo á, að hann hefði selt Guðmundi Holberg víxlana, heldur hafi hann afhent honum þá, til þess að hann (Guðmundur Holberg) seldi eða reyndi að selja þá. Hann hafi síðan ekki heyrt frá Guðmundi Holberg fyrr en nokkru eftir 11. október f. á., en þá hafi hann skýrt ákærða frá því, að hann væri búinn að selja annan víxilinn. Hafi Guðmundur Holberg síðan afhent honum kr. 4.000,00 í peningum og afgang víxilfjárhæðarinnar í vörum, einkum sælgæti. Ákærði kveðst hafa notað peningana og vörurnar í eigin þarfir. Hafi það verið ætlun hans að greiða víxilfjárhæðina persónulega, þegar víxillinn væri fallinn í gjaldldaga. Hann hafi þó ekkert talað um þetta við stjórn Centrals h/f. Nokkru síðar hafi hann fengið enn frá Guðmundi Holberg sælgæti og smjör, sem hann hafi litið á sem lán sér til handa, en ekkert hafi verið minnzt á gjaldfrest eða greiðslutilhögun á vörunum. Laust fyrir sl. áramót hafi ákærði farið að athuga viðskipti sín og Guðmundar Holbergs, og hafi hann þá komizt að því, að Guðmundur Holberg hafði selt einnig hinn víxilinn og fært fjárhæð hans ákærða til tekna sem greiðslu á vöruúttekt hans. Kveður ákærði, að þetta hafi verið gert án vitundar sinnar og vilja, en hann hefur viðurkennt, að greindar vörur hafi að andvirði numið fjárhæð seinni víxilsins. Ákærði kveðst nú hafa tekið þá ákvörðun að samþykkja tvo víxla, sem Guðmundur Holberg hafi tekið að sér að selja, í því skyni að standa skil á fyrrgreindum tveimur víxlum, að fjárhæð kr. 9.856,70 og kr. 9.867,80, sem fallnir voru í gjaldldaga og búið var að krefjast greiðslu á. Greiddi ákærði víxilfjárhæðirnar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa notað andvirði annars víxilsins, bæði peninga og vörur, í eigin þarfir. Þá hefur hann ekki fært nokkra stoð undir þá staðhæfingu sína, að vörur þær, sem Guðmundur Holberg afhenti honum og telur, að hafi verið næstum allt andvirði hins víxilsins, hafi verið lán honum til handa, sem hann hafi mátt ráðstafa til eigin þarfa. Hitt verður að telja, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að vörurnar, sem að andvirði námu næstum allri fjárhæð þessa víxils og voru sömu tegundar og hinar fyrri, voru greiðsla á þeim víxli. Samkvæmt þessu er næg sönnun fengin fyrir því, að ákærði hefur dregið sér andvirði beggja víxlanna, samtals að fjárhæð kr. 19.724,50, í eigin þarfir. Hefur ákærði því gerzt brotlegur gegn 247. gr., 1 mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 23. til 29. janúar sl., en samkvæmt framansögðu þykir þessi varðhaldsvist hans ekki geta komið samkvæmt 76. gr. hegningarlaga refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Hauks Jónssonar hdl., kr. 600,00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Erlendsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Hauks Jónssonar hdl., kr. 600,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.